



**AXEL PÉTUR AXELSSON**  
FORSETAFRAMBOD

15. Apríl 2020.

Umsögn vegna: Breyting á lögum um framboð og kjör forseta Íslands, nr. 36/1945.

Kæra Alþingi,

Nú er komin tími á kosningar til Forseta Íslands þar sem ég hef nú þegar tilkynnt framboð mitt opinberlega. Ég var í framboði til Alþingis 2016 fyrir Dögun og hef því kynnst persónulega hvernig hinar svokölluðu lýðræðislegu kosningar virka og kynnst blekkingum þeirra á eigin skinni. Ég hef einnig stofnað stjórn málaflokkinn Vikingaflokkinn (vikingaflokkurinn.is) sem valdstjórnin hefur hafnað með öllu að skrá hjá RSK og er hann því eini "ólöglegi" og kennitölulausi stjórn málaflokkur Íslands. Ég var einn af stofnendum Hagsmunasamtaka Heimilanna og sat þar í stjórn. Þar fann ég upp greiðsluverkfallið sem beitt var til að ná fram lágmarks vernd fyrir lánþega sem sátu í súpunni efti árás erlends seðlabanka sem hefur hreiðrað um sig við Arnarhól.

Í þeim aðstæðum sem nú ríkja tel ég engar forsendur fyrir því að lýðræði nái fram að ganga fyrir mitt framboð nú enda ríkir tweedismi (William M. Tweed) á Íslandi þar sem valdstjórnin hefur öll spil á sinni hendi og lokar skipulega öllum leiðum fyrir mig.

Enginn raunhæfur vegur er fyrir mig að aðlagast svona miklum breytingum á aðstæðum á svona stuttum tíma. Þetta eru í raun **force majeure** aðstæður og því er sjálfsgöð krafa að fallið verði frá öllum kröfu um undirskriftir í Forsetakosningum 2020. Þessi krafa væri óþörf ef ég hefði ekki vindinn nú þegar í fangið þar sem valdstjórnin hamlar með öllum ráðum að ég geti kynnt mig, stefnur mínar eða átt samtal við þá sem hugsanlega vildu skrifa á stuðningslista eða kjósa mig.

Ef valdstjórnin heldur fram sem horfir þá er full ljóst að Lýðræðið Ísland er fallið.

Með kveðju,